

# Knattspyrnudeild Fjölnis

Ársreikningur

2018



## Áritun óháðs endurskoðanda

### Til stjórnar knattspyrnudeildar UMF Fjölnis

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning knattspyrnudeildar UMF Fjölnis fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2017, efnahag þess 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð knattspyrnudeild UMF Fjölnis í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi knattspyrnudeildar UMF Fjölnis. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

### Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 20. febrúar 2019

Deloitte ehf.

Jónas Gestur Jónasson (sign)

Endurskoðandi

## Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur knattspyrnudeildar UMF Fjölnis fyrir árið 2018 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Aðalstarfsemi UMF Fjölnis er íþróttastarf.

Tap knattspyrnudeildar UMF Fjölnis á árinu 2018 nam kr. 3.766.053. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 14.219.098 og bókfært eigið fé í árslok er neikvætt kr. 4.721.795.

Stjórn félagsins vísar í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun afkomu ársins.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra knattspyrnudeildar UMF Fjölnis að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar UMF Fjölnis staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík 20.2.2019

### Í stjórn

Árni Hermannsson (sign)  
formaður

Kári Arnórsson  
(sign)

Kristján Einarsson (sign)

Kolbeinn Kristinsson (sign)

Viðar Karlsson (sign)

Geir Kristinsson (sign)

Bogi Nils Bogasons (sign)

Elísa Kristmannsdóttir (sign)

Þorgeir Örn Tryggvason (sign)

Marínó Þór Jakobsson (sign)

Trausti Harðarson (sign)

Hjörleifur Þórðarson (sign)

Ásta Björk Matthíasdóttir (sign)

### **Framkvæmdastjóri**

Guðmundur L. Gunnarsson

## Rekstrarreikningur

Rekstrarreikningur	Skýring	2018	2017
Tekjur			
Miðasala		8.896.348	6.018.311
Auglýsingar og samstarfsaðilar (sponsorar)		37.214.449	31.761.403
Útsendingarréttur (Sjónvarp, útvarp o.fl.)		10.939.583	10.404.117
Félagaskipti		16.624.734	7.851.725
Söluvarningur og veitingar		5.169.054	2.471.312
Aðrar rekstrartekjur		115.245.864	97.665.336
Heildartekjur		<b>194.090.032</b>	<b>156.172.204</b>
Gjöld			
Vörunotkun		13.866.560	8.023.488
Laun og tengd gjöld	4	125.757.821	122.855.686
Annar rekstrarkostnaður		57.056.170	55.888.796
Afskriftir og niðurfærsla		0	700.000
Heildargjöld		<b>196.680.551</b>	<b>187.467.970</b>
Afkoma fyrir fjármagnsliði, skatta og söluhagnað (-tap)		-2.590.519	-31.295.766
Fjármunatekjur	3	23.767	679.067
Fjármagnsgjöld	3	-1.199.301	-910.805
Samtals		-1.175.534	-231.738
Hagnaður (-tap) ársins		<b>-3.766.053</b>	<b>-31.527.504</b>

## Efnahagsreikningur

		Skýring	2018	2017	
Eignir					
	Fastafjármunir				
		Leikmenn			
	Fastafjármunir alls	5	4.600.000	5.400.000	
			4.600.000	5.400.000	
	Veltufjármunir				
		Vörubirgðir	6	300.000	0
		Viðskiptakröfur	7	9.319.098	13.754.397
		Handbært fé	8	0	0
	Veltufjármunir alls		9.619.098	13.754.397	
Samtals eignir			14.219.098	19.154.397	
Skuldir og eigið fé					
	Eigið fé	9			
	Endurmatsreikningur leikmanna		6.800.000	7.600.000	
	Óráðstafað eigið fé (Ójafnað tap)		-11.521.787	-7.755.742	
	Eigið fé alls		-4.721.795	-155.742	
	Skammtímaskuldir (< eða = 1 ár)				
	Skuldir við innlánsstofnanir		4.634.456	131.760	
	Viðskiptaskuldir	10	4.808.158	4.757.520	
	Aðrar skammtímaskuldir	11	9.498.279	14.420.859	
	Skammtímaskuldir alls		18.940.893	19.310.139	
	Skuldir alls		18.940.893	19.310.139	
Samtals skuldir og eigið fé			14.219.098	19.154.397	



## Skýringar

### 1. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur UMF Fjöltnis fyrir árið 2018 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

#### Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

#### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### **Varanlegir rekstrarfjármunir**

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

## **2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)**

### **Óefnislegar eignir**

Verðgildi leikmanna er metið samkvæmt viðeigandi stuðlum um áramót. Heildarverðgildi leikmanna samkvæmt því mati er fært til eignar sem óefnislegar eignir meðal fastafjármuna. Endurmat á verðgildi leikmanna (þ.e. breyting á verðgildi leikmanns miðað við stuðul frá fyrra tímabili) færist á sérstakan endurmatsreikning meðal eiginfjárliða.

Leikmenn eru metnir á kaupverði séu leikmenn keyptir á hærra verði en stuðull segir til um, mismunur kaupverðs og stuðuls er afskrifaður í rekstrarreikningi á samningstíma leikmanns.

Hagnaður eða tap vegna sölu leikmanna er mismunur á milli söluverðs og stuðuls/bókfærðs verðs og er tekjufært/gjaldfært á söluári.

### **Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

---

### 3. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:

	2018	2017
Aðrar vaxtatekjur	23.767	679.067
<b>Samtals</b>	<b>23.767</b>	<b>679.067</b>

Fjármagnsgjöld greinast þannig:

	2018	2017
Önnur vaxtagjöld	-1.199.301	-910.805
<b>Samtals</b>	<b>-1.199.301</b>	<b>-910.805</b>

### 4. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2018	2017
Laun	22.318.681	29.585.431
Verktakagreiðslur	99.000.606	88.308.375

Lífeyrissjóður	2.537.664	2.721.083
Önnur launatengd gjöld	1.900.870	2.240.797
<b>Samtals</b>	<b>125.757.821</b>	<b>122.855.686</b>

---

## 5. Leikmenn

	2018	2017
Bókfært verðleikmanna í ársbyrjun	5.400.000	5.200.000
Afskrifað á árinu		-700.000
Matsbreytingar	-800.000	900.000
<b>Bókfært verð leikmanna í árslok</b>	<b>4.600.000</b>	<b>5.400.000</b>

---

## 6. Vörubirgðir

	2018	2017
Rekstrarvörubirgðir	300.000	
<b>Samtals</b>	<b>300.000</b>	<b>0</b>

## 7. Viðskiptakröfur

	2018	2017
Innlendar viðskiptakröfur	9.319.098	13.754.397
<b>Samtals</b>	<b>9.319.098</b>	<b>13.754.397</b>

---

**8. Handbært fé**

	2018	2017
Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum	0	0
<b>Samtals</b>	<b>0</b>	<b>0</b>

**9. Eigið fé**

	Hlutfé	Sérstakt endurmat	Ójafnað tap	Samtals
Eigið fé 1.1.2016		6.700.000	23.771.762	30.471.762
Endurmat leikmanna		900.000		900.000
Tap ársins			-31.527.504	-31.527.504
Eigið fé 1.1.2017	0	7.600.000	-7.755.742	-155.742
Endurmat leikmanna		-800.000		-800.000
Tap ársins			-3.766.053	-3.766.053
Eigið fé 31.12.2017	0	6.800.000	-11.521.795	-4.721.795

---

**10. Viðskiptaskuldir**

	2018	2017
Innlendar viðskiptaskuldir	4.808.158	4.757.520
<b>Samtals</b>	<b>4.808.158</b>	<b>4.757.520</b>

#### 11. Aðrar skammtímaskuldir

	2018	2017
Ógreidd laun og launatengd gjöld	3.120.637	3.767.071
Fyrirframinnheimtar tekjur	6.377.642	10.653.788
<b>Samtals</b>	<b>9.498.279</b>	<b>14.420.859</b>

*Liðir, sem nema hærri upphæð en 20% af heildinni skulu sýndir sérstaklega*

#### 12. Viðskipti við tengda aðila (hluthafa, eigendur, tengd fyrirtæki, stjórn, stjórnarmenn)

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélag og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Nafn	Eðli og umfang viðskipta
Aðalstjórn UMF Fjölvis	Styrkur frá aðalstjórn til knattspyrnudeildar

Viðskipti við tengd félög árið  
2018:

	Styrkir	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Aðalstjórn UMF Fjölnir .....	13.153.000	0	0	0
	13.153.000	0	0	0

Viðskipti við tengd félög árið  
2017:

	Styrkir	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Aðalstjórn UMF Fjölnir .....	12.000.000	0	0	0
	12.000.000	0	0	0

## 12. Upplýsingaskrá um leikmenn

Sjá upplýsingatöflu skv. uppsetningu KSÍ í Tækjakassa

## 13. Félagaskipti

Sjá félagaskiptatöflur skv. uppsetningu KSÍ í Tækjakassa